

Umsögn um þingskjal 16 - 16. mál.

Um aðgerðir gegn kynferðisbrotum og aukinn stuðning við þolendur þeirra.

1. Ef auka á fjármagn til lögreglunnar, sérstaklega í þeim tilgangi að fjölga starfsfólki sem sjá um rannsóknir kynferðisbrotamála, þarf að tryggja að þetta starfsfólk hafi sérstaka þekkingu til að sinna þessum málaflokki. Sem dæmi gæti þessu starfsfólki verið gerð krafa um að sækja námskeið um kynferðisofbeldi áður en það hefur störf sem og símenntun á X tímabils fresti.

Stuðla að bættri málsmeðferð:

- Setja tímaramma á hvenær þurfi að hefja rannsókn á málinu t.d. innan mánaðar.
 - Huga strax að mögulegum sönnunargögnum sem gætu tapast ef rannsókn á málinu tefst.
 - Gögnum úr öryggismyndavélum er t.d. eytt eftir X tíma sem og allskonar annars konar gögnum.
 - Vitneskja vitna getur orðið verri með tímanum.
 - Til að koma í veg fyrir að vitni geti borið saman bækur sínar.
2. Ef þolandi dregur kæru til baka en saksóknaraembættið telur málið líklegt til sakfellingar er ekki hægt að krefja þolandann um að mæta geranda sínum í dómsal sem vitni. Yfir höfuð ætti þolandi aldrei að þurfa að mæta geranda sínum í dómsal ef hann treystir sér ekki til þess.
 - Það ætti að styrkja mál þolanda ef gerandinn hefur áður verið kærður fyrir kynferðisofbeldi, óháð því hvernig það mál fór. Ef um ítrekuð brot er að ræða ætti það að hafa vægi á núverandi ákæru í hverju tilfelli fyrir sig.

3. Stuðningur við frjáls félagasamtök

- Mikilvægi frjálsra félagasamtaka sem vinna í þágu þessa málaflokks fái viðurkenningu á því með t.d. að setja inn fasta styrki til sumra þessara samtaka í fjárlög - eftir að þjónustan er kortlögð er hægt að meta hverjir eigi rétt á styrk svo dæmi sé tekið.
- Nauðsynlegt er að standa vörð um starfsemi slíkra samtaka og það þarf að gera í verki en ekki bara með orðum.

4. Rannsóknarskýrsla um kynferðisbrotamál í réttarkerfinu

- Þegar kortleggja á tímalengd rannsókna í kynferðisbrotum þá er mikilvægt að það sé gert út frá upplifunum þolenda af réttarkerfinu og rannsóknum á þeirra málum.
- Í þessari rannsókn verður rödd þolenda að vera í fyrirrúmi, allt verður að vera gert á forsendum þolenda.
- Rannsóknin verði gerð í samráði við félagasamtök sem hafa unnið með þolendum ofbeldis, t.d. Stígamót, Bjarkahlíð, Kvennaathvarfið o.fl. ásamt t.d. kynjafræðingum og öðrum sem hafa þekkingu í þessum málaflokki. Einnig er mikilvægt að rannsóknin sé unnin af sérfræðingum sem eru þjálfaðir í að taka viðtöl við þolendur ofbeldis.
- Það þarf að gefa upp tímaramma á þessari rannsókn, við gerum kröfu um að hún verði gerð á þessu ári (2022).

5. Bætur verði greiddar í gegnum þriðja aðila

- Koma upp kerfi líkt og meðlagsgreiðslum. Það verður að vera í gegnum 3. aðila (ríkissjóður t.d.) þannig að þolandi sé laus við að sjá nafn geranda síns í heimabankanum.
- Einnig væri hægt að líkja eftir skattkerfinu - þar sem bæturnar yrðu dregnar af launum geranda og lagðar inn á þolanda.

6. Krafa um að þolendur geti verið aðilar í máli sínu, ef þau kjósa. Það á að vera á forsendum þolenda en valið á að vera til staðar. Mikilvægt er að þolandi geri sér grein fyrir hvað það þýðir ef hann vill ekki vera aðili í máli sínu - að það sé útskýrt á mannamáli frá lögreglu/réttargæslumanneskju.

Til að upplýsingaflæði og utanumhald verði betra fyrir þolendur er nauðsynlegt að tryggja réttargæslufólki laun fyrir vinnu sína.

7. Stuðningur við þolendur á aldrinum 14-18 ára

- Tillaga að úrræðið verði á vegum barnaverndar og sjái einungis um brotþola á þessum aldri. Þar gæti einnig verið veitt aðstoð við kærufarlið ef þolandi vill kæra málið. Þar væru starfandi sálfræðingar, lögfræðingar, lögregla o.s.frv., ekki ósvipað Bjarkarhlíð, nema þá fyrir þennan aldurshóp og á vegum barnaverndar. Mikilvægt er að úrræðið standi einstaklingunum til boða óháð því hvort að foreldri fái upplýsingar um það sem barnið segir t.d. ef gerandi er foreldri barnsins eða annar nákominn einstaklingur. Í slíku úrræði þyrfti að vera þverfaglegt teymi til staðar sem kæmi að aðkomu barnsins bæði er varðar þjónustu við kærumál og til að vinna úr áfallinu.
- Einnig er þörf á auknum stuðningsúrræðum fyrir börn yngri en 14 ára.

Almennar athugasemdir:

Eitt og eitt frumvarp mun ekki leysa vandann sem við stöndum frammi fyrir. Það þarf að skoða málaflökkinn og kerfið í heild sinni. Kerfið er búið til af körlum fyrir karla, það er ekkert rými fyrir fólk sem skilgreinir sig ekki karlkyns. Kerfið er karllægt og kemur það niður á þolendum kynbundins ofbeldis. Í rauninni þyrfti að fara fram gagnger endurskoðun á dómskerfinu í heild sinni, rífa það upp með rótum og byggja upp á nýtt.

Um aðgerðir gegn kynferðisbrotum og aukinn stuðning við þolendur þeirra

152. Löggjafarþing 2021-2022

Þingskjal 16 — 16. Mál.

- Hægt væri að koma á legg embætti sérstaks saksóknara í kynferðisbrotamálum. Þar yrði ráðið inn fólk með kynjafræðipækkingu, reynslu af því að vinna með þolendum, sálfræðingar sem sérhæfa sig í áfallastreituröskun og fleiri sem hafa sérstaka þekkingu í málaflokknum.
- Hægt væri að halda fund þar sem fólk sem lætur sig málið varða ásamt sérfræðingum í kynferðisbrotamálum koma saman. Á þeim fundi væri hægt að draga fram hluti sem betur mættu fara.

Betri og bættari forvarnir. Þar er fræðsla okkar sterkasti leikur. Það þarf að festa kynjafræði og kynfræðslu inn í dagskrá allra skóla og á öll stig, frá leikskóla og upp í menntaskóla. Fræðslan væri þá byggð eftir aldri. Það er ekki nóg að hafa 1 tíma í lífsleikni þar sem er stiklað á stóru eða halda 1 fyrirlestur á ári eða önn.

Sönnunarbyrðin í kynferðisbrotamálum er þung og það þarf að taka hana til endurskoðunar með tilliti til þess að glæpir tengdir kynbundnu ofbeldi eru margir hverjir framdir í skjóli friðhelgi einkalífsins. Það þarf að leggja meira vægi í orð þolenda og sálfræðinga sem koma að málunum. Einnig þarf að taka til skoðunar niðurfellingar á málum:

- Við höfum vitneskju um mál þar sem þolandi fór beint á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis á Landspítalanum þar sem DNA var til staðar á þolanda og einnig í bílnum hennar þar sem brotið átti sér stað, játning í einkaskilaboðum frá geranda og vitni af ofbeldinu en samt var málið fellt niður af því að það var ekki talið nógu líklegt til sakfellingar.
- Annað dæmi er mál gegn lögreglumanni þar sem DNA var til staðar, þolandi sendi út beiðni um aðstoð á meðan brotið átti sér stað, lögreglan var ræst út og tók á móti þolanda, þolandi fer beint á neyðarmóttökuna í allsherjar rannsókn, það finnst DNA, það sáust áverkar, það eru vitni en málið látið niður falla af því að það þótti ekki nógu líklegt til sakfellingar.

- Annað dæmi er um þolanda sem fékk skrifaða játningu í gegnum einkaskilaboð á samfélagsmiðlum frá geranda en af því að gerandinn sagði í skýrslutöku að það hafi einungis verið til að róa þolanda niður þá þótti það nóg til að fella niður málið.
- Það er ekki boðlegt þegar sönnunarbyrði er eins þung og hún er í þessum málafllokki að mál séu felld niður þegar allar sannanir eru til staðar og þolendum í hag. Þolendur gera allt eftir bókinni, fara strax upp á neyðarmóttöku, láta strax vita, kæra jafnvel strax, en samt er ekki hægt að vinna. Það getur ekki talist þolendavænt réttarkerfi.

Það þarf að skoða lágt sakfellingarhlutfall:

- Það er of rík sönnunarbyrði, sem dæmi; ef einstaklingur er kærður fyrir meiðyrði þá er nóg að þolandi hafi upplifað ofbeldið líkt og hann sagði frá því, hann þarf ekki að sanna það eins og þegar hann kærir gerandann fyrir ofbeldi, því þá er það sakamál.
- Hvað þýðir „að vera nógu líklegt til sakfellingar“? Af því að það er augljóst að í kynferðisbrotamálum er það ekki 50/50 - meira er það þannig að það verði að vera sirka 80% líkur á sakfellingu til að málið sé tekið fyrir.
- Skoða hvaða mál er verið að fella niður, hver er að fella þau niður, af hverju það er verið að fella þau niður.
- Fækka málum sem eru felld niður, virðist vera happa glappa hvaða mál komast í gegn og hver ekki.

Skilorðsbundnir dómar og þegar dómar gegn kynferðisbrotamönnum eru mildaðir:

- Hlutfall dóma sem Landsréttur mildar er hærra í kynferðisbrotamálum en öðrum. Þetta er áhyggjuefna og þarf að taka til skoðunar.
- Það gengur ekki að hægt sé að fá skilorðsbundinn dóm í kynferðisbrotamálum, sérstaklega ekki þegar gerendur eru augljóslega hættulegir samfélaginu. Það þarf

Um aðgerðir gegn kynferðisbrotum og aukinn stuðning við þolendur þeirra

152. Löggjafarþing 2021-2022

Þingskjal 16 — 16. Mál.

meiri stuðning og utanumhald um þá gerendur, þar sem þeim er kennt að axla ábyrgð.

- Ekki réttlátt að dómur sé mildaður vegna þess að rannsókn lögreglu tók svo langan tíma eða vegna þess að málinu hefur verið frestað að fara fyrir dómstóla, það á ekki að bitna á þolanda.

Mannréttindadómstóll Evrópu:

- Íslenska ríkið hefur nú þegar verið krafið um svör af dómsstólum tengt nokkrum kynferðisbrotamálum sem voru felld niður sem gefur til kynna stórt vandamál innan íslenska réttarkerfisins í þessum málaflokki.

Rangar sakargiftir/meiðyrðamál.

Það verða að vera sterkar grunsemdir fyrir því að kæran eða umtalið sé ekki á rökum reist. Það ætti ekki að standast við lög að gerandi geti kært þolanda sinn, á meðan málið er tekið fyrir eða stuttu eftir niðurfellingu, fyrir rangar sakargiftir.

- Þar sem tölfræðin sýnir okkur að einstaklingar sem kæri nauðgun ljúgi í 2-8% tilfella þá þyrfti að vera til staðar rík forsenda þess eðlis að þolandi hafi farið rangt með mál.
 - T.d. þegar mál eru felld niður með rökunum „orð gegn orði“ ætti ekki að vera hægt að kæra til baka fyrir rangar sakargiftir á sömu forsendum. Ef ekki er hægt að sanna að um kynferðisbrot hafi verið að ræða, hvernig er þá hægt að sanna að um lygar hafi verið að ræða?

Hafa þarf í huga að Ísland er lítið land og því þarf að tryggja að einstaklingar sem komi að rannsókn kynferðisbrotamála séu hvorki tengdir geranda né þolanda.

- Líkt og í málum í barnavernd geta starfsmenn verið dæmdir vanhæfir í tilteknum málum vegna tengsla við aðila málsins.

Um aðgerðir gegn kynferðisbrotum og aukinn stuðning við þolendur þeirra

152. Löggjafarþing 2021-2022

Þingskjal 16 — 16. Mál.

Einnig þarf að hafa sérstakt utanumhald þegar lögreglumenn eru kærðir fyrir kynferðisofbeldi. Þegar lögreglumenn eru kærðir fyrir kynferðisbrot væri hægt að láta saksóknaraembættið rannsaka málið.

- Skyndibitastaður væri t.d. aldrei í hlutverki heilbrigðiseftirlitsins hjá sínum eigin skyndibitastað. Það er ekki nóg að flytja málin á milli sýslna þar sem oft er mikill samgangur á milli og fólk þekkist.

Það þarf meiri aðstoð og fleiri úrræði fyrir gerendur. Fæstir gerendur þurfa að sæta ábyrgðar og margir brjóta aftur af sér. Fangelsisvist, sem er sjaldgæf, er ekki hvítþvottur eins og mörg vilja meina - það þarf fræðslu um það hvernig á að axla ábyrgð til að geta öðlast betrun.

Mikilvægt er að aðgerðaráætlun gegn kynferðisbrotum, sem framkvæmd er af ráðherra, sé í samráði við sérfræðinga á sviði kynferðisbrotamála. Nauðsynlegt er að til staðar sé talsmanneskja fyrir þolendur sem hefur reynslu af kynferðisofbeldi og réttarkerfinu því tengdu. Í samráðshóp sé einnig einstaklingur með reynslu í málefnum minnihlutahópa og jaðarsettra einstaklinga. Við leggjum til að aðgerðaráætlunin sé unnin í samráði við frjáls félagasamtök og kynjafræðinga sem hafa unnið með þolendum kynferðisofbeldis og þekki þar af leiðandi málaflokkinn einkum vel.